

Alþingi
Erindi nr. P 133/941
komudagur 13.2.2007

ÍSAFJARÐARBÆR

Nefndasvið Alþingis,
sjávarútvegsnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Ísafirði, 13. febrúar 2007
2007020032
HH/pp

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Á 514. fundi bæjarráðs Ísafjarðar þann 12. febrúar s.l., var lagt fram minnisblað bæjarritara dagsett 9. febrúar s.l., er varða frumvörp til breytinga á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Frumvörpin voru lögð fram á 513. fundi bæjarráðs, þar sem bæjarstjóra var falið að vinna að umsögn Ísafjarðarbæjar.

Bæjarráð samþykkir framlagða umsögn bæjarstjóra, um ofangreint frumvarp og óskar eftir að umsögnin verði send sjávarútvegsnefnd Alþingis. Umsögnin er svohljóðandi.

Umsögn Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða 10. grein.

„Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 12. febrúar s.l., voru lögð fram tvö frumvörp til laga, um breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007. Megin breytingar eru við 10. gr. laganna og varða ákvörðun og úthlutun byggðakvóta.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur lagt áherslu á, að úthlutun byggðakvóta er ákvörðun Alþingis og ríkisstjórnar með setningu laga um stjórn fiskveiða.


Sjávarútvegsráðherra setur í reglugerð ákvæði um skilgreiningu á byggðalögum skv. 1. mgr. laganna og nánari reglur um úthlutun aflaheimilda til byggðalaga. Jafnframt setur sjávarútvegsráðherra með reglugerð almenn samræmd skilyrði fyrir allt landið um úthlutun aflaheimilda til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga með nánari skilgreiningum.

Sjávarútvegsráðherra skipar jafnframt sérstaka þriggja manna úrskurðarnefnd til fjögurra ára í senn. Nefnd sem hægt er að kæra til skiptingu sveitarstjórna á úthlutuðum byggðakvóta, sé sú úthlutun á vegum sveitarfélagsins. Einn aðili er skipaður án tilnefningar, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af Byggðastofnun.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar telur eðlilegast, að ráðherra úthluti sjálfur byggðakvótanum til einstakra skipa og báta og geri það með þeim hætti, sem hann telur nýtast viðkomandi úgerðum best. Ráðherra hefur áður úthlutað byggðakvóta, hann hefur sett fordæmið og setur reglugerðir og þess vegna eðlilegast að hann ljúki málinu sjálfur án íhlutunar sveitarstjórna þeirra byggðarlaga er hljóta úthlutun hverju sinni. Mikilvægast er að byggðakvótinn komi til viðkomandi sveitarfélags og nýtist atvinnulífnum þar til uppbyggingar og atvinnuauka.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar ítrekar, að það telur það vera hlutverk sjávarútvegsráðuneytis, að úthluta byggðakvóta og að ekki eigi að setja sveitarstjórnir í það hlutverk, að skipta slíkum verðmætum og gera þar með upp á milli byggðarlaga og íbúa. Því skorar bæjarráð Ísafjarðarbæjar á sjávarútvegsráðherra, að breyta núverandi fyrirkomulagi.,,

Virðingarfyllst



Halldór Halldórsson

- bæjarstjóri -